

## Fundargerð 36. fundar skráningarráðs Gegnis þriðjudaginn 19. febrúar 2008

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 13.00-15.15

**Fundarmenn:** Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

- a. **Listi yfir óvirka tengla.** Verið er að keyra listana, en þrjár keyrslur þarf til. Þeir verða tilbúnir fljótlega.
- b. **Hámarksfjöldi leitarniðurstaða** er enn 1000 í biðlaranum. Sigrún og Dögg eru langt komnar með að leysa þetta vandamál, en nú birtast nýjustu færslurnar, ekki þær elstu eins og áður. Stefnt er á að 3000 færslur birtist og þær nýjustu fyrst.
- c. **Framandi bókstafir í sérstafatöflum.** Sérstafatafla verður endunýjuð þegar nýr biðlari verður tekinn í notkun í júní n.k. í tengslum við 18. útgáfu kerfisins. Finna þarf gildi bókstafanna í Unicode og setja þau inn í sérstafatöfluna í Gegni. Þar er hægt að bæta við bókstöfum og óhætt er að nota þá í skráningarfærslum. E.t.v. þarf að gera ráðstafanir gagnvart röðun. Betra er að nota sérstafatöflurnar en að afrita úr OCLC eða Word. Þurfi að afrita bókstafi eða tákn er öruggara að flytja þau fyrst inn í notepad og þaðan inn í Gegni. Hildur leggur til að haft verði samband við þau söfn sem hafa tekið að sér að fóstta ákveðin tungumál, ef sú skipting er enn við lýði. Þóra sendir Sigrúnu lista yfir pólsk tákn.

Fundargerðin var samþykkt.

2. **Barnaleikrit með söngvum.** Tillaga að texta var samþykkt með viðbótum og breytingum. Hulda gengur frá skjalinu, bætir við dæmum, lagar færslur (Þóra lagar Vökuland) og sendir á Vöndu.
3. **Efnisorðavinna.** Ragna gerði grein fyrir því hvernig efnisorða- og nafnmyndavinna fer fram í Lbs-Hbs og helstu erfiðleikum þar að lútandi. Þar er helst að telja galla við uppsetningu nafnmyndaskrár, þekkingarskort og mannaflaskort. Ekki talið ráðlegt að leggja niður notkun á 693 sviðinu og taka upp eitt svið fyrir eiginleg, íslensk efnisorð (topical terms).
4. **18. útgáfan.** Sigrún gerði grein fyrir vinnu við innleiðingu 18. útgáfu sem áætluð er sumarið 2008. Prófunarumhverfið (Snorri) er tilbúið og Dögg er að vinna í biðlara. ExLibris þarf að setja upp *Upgrade express* en lítið er hægt að vinna við prófanir fyrir en það er tilbúið. Í mars verður vefurinn settur upp og þá fljótlega verður hægt að skoða hann. Undirbúa þarf gátlista svo prófanir gangi snurðulaust fyrir sig. Kallað verður í fólk sem þekkir mismunandi þætti kerfisins vegna prófana um mánaðamótin apríl-maí. Áætlaður opnunardagur er 11. júní. Ekki er

gert ráð fyrir miklum útlitsbreytingum í starfsmannaumhverfi en baksviðsvinnan er mikið breytt. Hætta er á hægagangi fyrst um sinn, en erfitt er að sinna álagsprófunum fyrr en kerfið er komið upp.

## **5. Önnur mál**

Tímaritafærslur með mörgum eintökum og undirfærslum eru lengi að birtast. Þóra spyr hvort hægt sé að auka hraðann. Fundarmenn vilja að undirfærslur séu faldar undir hnappi á [gegnir.is](http://gegnir.is) eins og eintök.

Fundi slitið kl. 15:15